



Fundargerð

6. fundur stjórnar Markaðsstofu Suðurlands kl. 10:00 mánudaginn 7. febrúar 2022, sem er fjarfundur að þessu sinni.

Boðaðir:

Dagný H. Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Katrín Sigurðardóttir, fulltrúi Visit South Iceland ehf.
Ragnhildur Ágústsdóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands
Geir Gígja, varafulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands
Ásgerður Kristín Gylfadóttir, fulltrúi Samtaka Sunnlenskra Sveitarfélaga
Grétar Ingi Erlendsson, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga
Ágúst Elvarsson, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu
Nejra Mesetovic, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands

Forföll:

Kristín Ýr Hrafnkelsdóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nejra Mesetovic.

Dagskrá:

- Stutt yfirferð yfir verkefni sl. missera og framundan
- Önnur mál

Verkefni sl. missera og framundan

Framkvæmdastjóri byrjar á því að kynna uppfærð drög að rekstraráætlun ársins 2022. Stjórn fer yfir og samþykkir áætlun.

Áfangastaðastofa

- **Samstarf SASS og MSS** – fundur á tímabilinu þar sem farið var yfir samstarfið og lögð drög að verkefnum ársins 2022. MSS sendi inn tillögur að þeim verkefnum í starfsáætlun þeirra sem MSS getur komið að.
Framundan er uppsetning og efni samstarfssamnings, sem verður endurskoðaður á næstu misserum
- Ekki verður endurnýjaður viðbótarsamningur á þessu ári, að fjárhæð 2 milljónir. Grunnsmningur helst óbreyttur ásamt styrk fyrir Áhersluverkefni sóknaráætlunar, Eldfjallaleið, sem er upp á 2 milljónir.
- Starfsmaður MSS tók þátt í leiðtogaþjálfun SASS í formi vinnustofa og fór fram í fjarfundi í janúar. Að þessu sinni var áhersla á að skerpa á hæfni leiðtoga og hvernig þeir eiga að veita ráðgjafaþjónustu.
- Opnað hefur verið fyrir umsóknir í vorúthlutun **Uppbyggingasjóðs**. MSS hefur verið að kynna það á sínum miðlum ásamt því að sinna ráðgjöf.
- Kynning, ráðgjöf og annar undirbúningur fyrir **Ratsjónna** hefur verið unninn á tímabilinu, sem starfsmaður MSS mun leiða með öðrum ráðgjafa SASS.
 - 15 fyrirtæki hafa sótt um þátttöku í Ratsjónna, þar af eru 13 fyrirtæki samstarfsfyrirtæki MSS.

- Framkvæmdastjórar MSS og SASS undirrituðu í desember samning um að MSS tæki að sér rekstur og hlutverk áfangastaðastofu fyrir landshlutann.
- Á tímabilinu voru erindi send á þrjú sveitarfélög, Hveragerði, Árborgar og Ölfuss, með ósk um endurnýjun samstarfssamnings. Erindin voru tekin fyrir og endurnýjun samþykkt til eins árs hjá öllum þessum sveitarfélögum.

Sveitarfélög – faghópur

- Fundur faghóps sveitarfélaganna í ferðamálum var haldinn í janúar. Þar var farið yfir það helsta sem framundan er á svæðunum ásamt því að rýna í samstarfið til að ákvarða verkefni og starfsárið framundan.
 - Á dagskrá var einnig að undirbúa sýningarnar sem voru fyrirhugaðar, bæði Mannamót og Mid Atlantik, en þeim var frestað vegna Covid.
- Farið var yfir önnur verkefni s.s. efnisöflun og sköpun, áherslur, samræming, samtal og eftirfylgni.
- Búið er að vera uppfæra kort af ferðaleiðinni Gullna hringnum sem verður notað til kynningar og markaðsetningar á leiðinni. Byrjað er að vinna í uppfærslu á Suðurstrandar kortinu í samstarfi við fulltrúa faghópsins ásamt vinnustofum sem haldnar verða til að fá frekari rýni inn í þessa undirbúningsvinnu.
- Í janúar var haldin kynning fyrir nýjum fulltrúa í faghópi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Þar var farið yfir starfsemi MSS og hvað sé framundan hjá sveitarfélaginu.
- **Hæfni og gæði** er verkefni sem MSS og Fræðslunet Suðurlands eru að vinna saman að. Haldin var vinnufundur með Fræðslunetinu um menntun í ferðþjónustunni. Fræðslunetið er búið að undirbúa vöruframboð sitt til að MSS geti betur kynnt fyrir ferðþjónustufyrirtækjum á svæðinu, m.a. á vefsíðu MSS.

Áfangastaðaaætlan – DMP

- Áfangastaðaaætlan er í vinnslu og verið er að yfirfara og þetta ýmis atriði samtímis því að skoða hvernig framsetningu á áætluninni verði best háttáð. Áætlað er skil með vorinu og kynning í framhaldi á því.
- Unnið er að, í samvinnu við Ferðamálastofu, að þýða áætlunina yfir á ensku til hagsbóta fyrir svæðið og að laða að mögulega fjárfestingu.
- Verkefnatillaga sem send var inn í áhersluverkefni Sóknaráætlunar SASS, Eldfjallaleiðin, var samþykkt að hluta og fær styrk upp á 2 milljónir króna, en tillagan er byggð á áherslum Áfangastaðaaætlunnar.
- Áfram verður unnið að þéttingu og efnissköpun fyrir núverandi ferðaleiðir eins og Gullna Hringinn og Suðurströndina, þar sem mikilvægt er að skilgreina og markaðssetja þessar leiðir út frá vilja og forsendum svæðisins sjálfs. Gullna hringi kortið er tilbúið og verið er að vinna efni inn á heimasíðu. Suðurströndin er í vinnslu m.a. með faghópi sveitarfélaganna.
Framundan er áframhaldandi yfirferð, prófarkarlestur og uppsetning/hönnun, kynningar, fundir og fl. Vinnustofur með atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu og MAS vegna Vörðuverkefnis, farið yfir niðurstöður og hver næstu skref í verkefninu eru.

Markaðsmál

- Áframhaldandi vinnsla og bestun á **vefsíðunni**, þar sem unnið er að síðum sveitarfélaganna, matarauðs, ferðaleiða og fleira.
- MSS keypti myndefni og setti upp í **Brandcenter** á tímabilinu, að undangenginni þarfagreiningu. Gerðir voru samningar við viðkomandi ljósmyndara og var myndefnið flokkað og merkt inn í kerfið. Hluti af myndefninu í Brandcenter er einungis til afnota fyrir MSS til kynningar á landshlutanum á meðan annar hluti myndabankans er til afnota fyrir sveitarfélögin og SASS.
Framundan er að efla og þetta áfram innihald í myndabankanum, bæði af myndum og myndböndum.
- **Samfélagsmiðlar** er í sínum takti bæði íslensku og enskum miðlum MSS.

- **Upplifðu** hefur verið í áframhaldandi þróun og vinnslu. Breytingar hafa orðið á samningum Upplifðu þar sem forritari og annar hugmyndasmiður hafa keypt verkefnið út úr Tjarnargötunni. Unnið er að nýjum þríhliða samningur með Íslandsstofu en það hefur engin áhrif á verkefnið sjálft. *Framundan áframhaldandi þróunarvinna, framleiðsla og innsetning á meira efni, þróun bakenda og fleira. Unnið er að mörgum hugmyndum með faghóp en verið er að bíðum eftir nýjum starfsmanni sem mun leiða þessa vinnu.*
- **Markaðsstofur landshlutanna** hafa kortlagt sýningar ársins 2022 og lýst áhuga á því við Íslandsstofu. MSS valdi Ítalíu og USA en mögulega verða nýir markaði í haust. *Framundan er VestNorden sem verður í Grænlandi í ár, Mannamót verður haldið 24. Mars nk. og er undirbúningur kominn á fullt. Mid-Atlantik hefur verið frestað um ár. Vonast er eftir því að hægt verði að komast á vinnustofur á Ítalíu og USA ef og þegar aðstæður leyfa.*
- **PR/Almannatengsl**
 - **Blaðamannaferð** í undirbúningi í vor með Íslandsstofu.
 - MSS tók þátt í verkefni með Play air sem sáu um að koma með blaðamenn í byrjun febrúar og heimsóttu m.a. Suðurland . Tilgangur ferðarinnar var að lýsa upp Skógafoss í skammdeginu.
 - Fundur var á tímabilinu með Icelandair vegna markaðssetningar, þar sem unnið er nýtt efni í flugvélunum og fleira spennandi í bígerð. MSS að skoða að taka þátt í einhverju af þessum verkefnum. Þá sendi MSS hugmyndir fyrir nýju myndböndin í vélunum.
- **Fréttabréf** um innra starf Markaðsstofunnar og til erlendra ferðasala er sent út reglulega.
- Unnið er að skipuleggja **morgunfundi MSS** en vonast er að efnistöð fyrsta fundarins sé kynning frá KPMG um niðurstöður könnuna á stöðu fyrirtækja í landshlutanum og hvernig þau geta brugðist við.

MAS samstarf

- Markaðsstofa landshlutanna fór á fund í byrjun janúar með nýjum ferðamála-, viðskipta- og menningarmálaráðherra, Lilju Alfreðsdóttur. Fundurinn gekk vel og óskaði ráðherra eftir tillögum frá MAS um mögulegar aðgerðir til stuðnings atvinnugreininni vegna Covid. Hópurinn skilaði 22 tillögum, bæði að skammtíma- og langtíma aðgerðum samdægurs.
- Annar MAS fundur var haldin 26. janúar þar sem farið var yfir stöðuna og þau verkefni sem eru á okkar borði. Kynnti var hagaðilaggreining sem unnin hafði verið fyrir MAS sem mun í framhaldinu vera unnið eftir. Verkefnalisti og ársskýrsla til umræðu, samstarf við Íslandsstofu, vefsíður og Upplifðu. Fulltrúar Ferðamálastofu komu inn á fundinn og ræddu m.a. Áfangastaðaáætlanir (samantektir og þýðingar) og fl. *Framundan er áframhaldandi úrvinnsla stefnumótunar, vinnufundur starfsmanna, Mannamót í mars, haustráðstefna, fundir vegna Vörðuverkefnis og fleira.*

Kynningar og erindi

- Ýmsir fundir á tímabilinu sem starfsmenn sátu s.s. Nýármálstofa Ferðaklasans og Ferðamálastofu sem fjallaði um fjárhag og rekstur í greininni. Einnig fundur um Ferðaþjónustu nýrra tíma, fundur SAF um aðgerðir stjórnvalda, fundur um stöðu íslensku ferðaþjónustu og fl.
- Einnig var undirbúningsfundur á tímabilinu með svæðisráðsfulltrúum og fulltrúa í stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs, þar sem rætt var um þau málefni sem tengjast okkar svæði.

Önnur mál

Innra starf/starfsemi

- Rætt var um að næsti fundur stjórnar verður staðarfundur í Fjölheimum, 7. mars og var það samþykkt af stjórn.
- Starfsmannamál og starfsmannaskipti rædd.
- Rætt var mögulegt fyrirkomulag og dagsetningar fyrir aðalfund og var ákveðið að hafa fundinn 6. maí sem staðarfund. Dagskrá með hefðbundnu sniði; aðalfundur, málþing, kynningaferð og árshátíð.

- Umræða skapaðist í kringum RÚV og jafnrétti á fréttáflutning þeirra eftir landshlutum. Framkvæmdastjóra falið að skoða þessi mál í samstarfi við SASS.

Fundi slitið kl. 11:30